

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. maí 1966.

Nr. 16/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Guðmundi Jónssyni og Ólafi Jónssyni

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Brot gegn hafnarreglugerð. Notkun vogar.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, er ákærðu gefið að sök að hafa frá hausti 1963 til vertíðarloka tveim árum síðar notað eigin bifreiðavog til vigtunar á afla úr bátum sínum við uppskipun í Sandgerðishöfn þrátt fyrir starfrækslu Sandgerðishafnar á bifreiðavog. Hafa ákærðu og viðurkennt þetta, en samkvæmt símskeyti sveitarstjórans í Miðneshreppi 29. apríl 1966, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, var bifreiðavog Sandgerðishafnar tekin í notkun hinn 1. janúar 1963.

Í 2. mgr. 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði í Miðneshreppi nr. 64/1948, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963, er birt var í stjórnartíðindum 26. júní 1963, er svo ákveðið, að starfræki höfnin vogar- eða mælitæki, skuli allt vörumagn, sem um höfnina fer og vörugjald ber að greiða af og ekki er á farmskrá, vegið eða mælt á þeim. Verður að

telja, að ákvæði þetta hafi stoð í 15. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 29/1946 um hafnargerðir og lendingarbætur, en einkaeigendum slíkra tækja eru vitaskuld frjáls afnot þeirra að öðru leyti í sjálf sín þarfir.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1946 er og heimilt að ákveða í reglugerð gjald fyrir notkun vogar- og mælitækja hafnar, eins og gert er í 3. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 64/1948, sbr. 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963, en eigi verður refsing ákveðin fyrir að standa ekki skil á gjöldum þessum, sem heimilt er að taka lögtaki samkvæmt 6. mgr. 9. gr. laga nr. 29/1946.

Með notkun eigin bifreiðavogar í framangreindum tilvikum hafa ákærðu gerzt brotlegir við 2. mgr. 34. gr. reglugerðar nr. 64/1948, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963. Samkvæmt 44. gr. reglugerðar nr. 64/1948, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 29/1946, þykir refsing hvors þeirra hæfilega ákveðin kr. 5.000.00 sekt til hafnarsjóðs Sandgerðis, og komi varðhald 2 daga í stað sektar hvors þeirra, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærðu, Guðmundur Jónsson og Ólafur Jónsson, greiði hvor um sig 5.000.00 króna sekt í hafnarsjóð Sandgerðis, og komi varðhald 2 daga í stað sektar hvors þeirra, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum..

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 18. nóv. 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 18. nóvember, var á dómþingi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háð var í skrifstofu embættisins af Stefáni Hirst, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 966—967/1965: Ákærvaldið gegn Guðmundi Jónssyni og Ólafi Jónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 14. júní s.l., verið höfðað gegn þeim Guðmundi Jónssyni útgerðarmanni, Rafneldsstöðum í Gerðahreppi, og Ólafi Jónssyni forstjóra, Úthlíð 12 í Reykjavík, fyrir að hafa frá hausti og til vertíðarloka næstliðin tvö ár látið vigta afla úr eigin bátum, uppskipaðan í Sandgerðishöfn, á eigin bifreiðavog þrátt fyrir starfrækslu Sandgerðishafnar á bifreiðavog í Sandgerði á þessum tíma og með því eigi greitt af því aflamagni vigtargjald til hafnarsjóðs.

Telst þetta varða við 2. mgr. og 3. mgr. 34. gr. sbr. 44. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði í Miðneshreppi nr. 64/1948, sbr. breyting á þeirri reglugerð nr. 47/1963, sbr. lög um hafnarargerðir og lendingarbætur nr. 29/1946, og er þess krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru á sakhæfisaldri, Guðmundur fæddur 18. júlí 1892 á Hellum í Gerðahreppi og Ólafur 28. apríl 1907 á Akranesi. Guðmundur hefur ekki áður sætt kærnum né refsingum, svo að kunnugt sé, en Ólafur hefur áður sætt kærnum og refsingum, svo sem tiltekið er í framlögðu sakavottorði.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 17. nóvember 1964, kærði sveitarstjórinn í Miðneshreppi fyrirtækin Miðnes h/f og útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar í Sandgerði fyrir brot á 2. mgr. 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði.

Ákærðu eru fyrirsvarsmenn nefndra fyrirtækja. Hefur ákærði Guðmundur Jónsson skýrt svo frá, að útgerðarstöð hans og Miðnes h/f eigi í sameign vog, sem notuð hafi verið til að vigta afla báta fyrirtækjanna. Kveður ákærði Miðneshrepp hafa sett á stofn vog fyrir um það bil tveimur árum, að því er hann minnir, og hafi verið ætlað til, að sú vog yrði framvegis notuð. Ákærði kveðst þó hafa þrjúkast við og hafi hann látið nota sína eigin vog áfram og sé hún notuð enn til að vigta með fisk úr bátum stöðvarinnar.

Ákærði Ólafur Jónsson hefur viðurkennt að hafa notað téða

vog fyrirtækjanna áfram í þarfir fyrirtækis síns, eftir að vog hreppsins var komin í notkun og umrædd reglugerð gefin út. Hann kveður þó eigin vog fyrirtækjanna aðeins hafa verið notaða frá því á haustin fram til vertíðarloka á vorin, en að öðru leyti hafi fyrirtæki hans notað hreppsvogina.

Af hálfu ákærðu er haldið fram, að ákvæði 2. og 3. mgr. 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði, sem ákært er fyrir brot á, eigi sér enga stoð í lögum nr. 29/1946 um hafnargerðir og lendningarbætur.

Með 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963 var gerð breyting á ákvæðum 34. gr. hafnarreglugerðar fyrir Sandgerði nr. 64/1948. Samkvæmt 2. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar frá 1963 skal allt vörumagn, sem eigi er á farmskrá, en um höfnina fer og vörugjald ber að greiða af, vegið eða mælt á vogar- eða mælitækjum hafnarinnar, og skal greiða tiltekið gjald fyrir vigtunina. Með ákvæðum þessum er fyrirtækjunum Miðnesi h/f og Útgerðarstöð Guðmundar Jónssonar meinuð tiltekin not vogar fyrirtækjanna og þar með skertur að hluta eignarréttur þeirra að voginni. Verður eigi séð, að ákvæði 2. og 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 47/1963 eigi sér næga stoð í lögum nr. 29/1946. Af því leiðir, að ákærðu verður eigi refsað fyrir háttsemi þá, sem í ákæru er lýst. Ber að sýkna þá af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu og ákveða, að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Guðmundur Jónsson og Ólafur Jónsson, skulu sýknir vera af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.
